

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Rangárþing eystra  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 2. október 2017  
UST201707-010/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi Ytri-Skóga, Rangárþingi eystra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 3. júlí, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Ytri-Skóga.

Í upphafi vill Umhverfisstofnun geta þess að unnið er að gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði Skógafoss, en fossinn ásamt fleiri fossum í Skógaá og næsta nágrenni var friðlýst sem náttúruvætti skv. auglýsingu í stjórnartíðindum árið 1987.

#### **Fráveita**

Í tillögunni kemur fram að áætlað er að byggt verði sameiginlegt hreinsivirki fyrir fráveitu fyrir öll mannvirki á suðursvæði Skóga. Á uppdrætti deiliskipulagstillögunnar kemur fram að hús fyrir salerni og aðstöðu verði flutt fjær fossinum og út af hinu friðlýsta svæði. Umhverfisstofnun tekur undir að með því geti náttúruvættið notið sín betur. Samkvæmt upplýsingum skipulagsfulltrúa verður núverandi rotþró fjarlægð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ofangreind markmið bæði hvað varðar uppsetningu hreinsivirkis og hvenær nýtingu rotþróa verður hætt, verði tímasett.

#### **Bílastæði**

Í ofangreindri deiliskipulagstillögu kemur fram að gert er ráð fyrir að öll bílastæði verði flutt fjær fossinum. Umhverfisstofnun telur að með því móti njóti náttúruvættið sín betur og að aðgengi og umferð um friðlýsta svæðið verður betra fyrir almenning með breytingunni en áður.

Umhverfisstofnun telur að bílastæði þjóni gjarnan mikilvægu hlutverki í aðgangsstýringu að friðlýstum svæðum. Möguleikar til að nýta bílastæði í þeim tilgangi eru meiri ef bílastæðið er innan hins friðlýsta svæðis og óskar stofnunin því eftir samvinnu við sveitarfélagið um breytingu á mörkum svæðisins samhliða vinnu við verndaráætlun sem gerð er grein fyrir hér að framan.


### Farfuglaheimili

Að mati Umhverfisstofnunar eru vesturmörk byggingarreits fyrir farfuglaheimili mögulega áætluð of nálægt lóðarmörkum við friðlýsta svæðið. Stofnunin bendir á að ef bygging farfuglaheimilis er áætluð eins og sýnt er á ofangreindri tillögu er ljóst að vinna við vesturhlið viðkomandi byggingar gæti þurft að fara fram að miklu leyti inni á hinu friðlýsta svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að slíkt fyrirkomulag getur haft í för með sér röskun á friðlýsta svæðinu og kalla þar með á að framkvæmdaraðili muni þurfa leyfi Umhverfisstofnunar til þess að aðhafast innan friðlýsta svæðisins.

### Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar er ofangreind skipulagstillaga mjög til bóta fyrir friðlýsta svæðið við Skógafoss. Umhverfisstofnun telur æskilegt að friðlýsta svæðið verði stækkað svo bílastæðin við upphaf friðlýsta svæðisins verði innan þess svo nýta megi bílastæðin við aðgangsstýringu. Að mati stofnunarinnar ætti að tímasetja áætlanir um hreinsivirki í skipulagsáætluninni og að áætla vesturhlið farfuglaheimilis fjær friðlýsta svæðinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur